



## Kátakot

### Frístundaheimili við Grunnskóla Hornafjarðar

- Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfrækt frístundaheimili fyrir nemendur í 1. – 4. bekk grunnskólans og kallast hún **Kátakot**.
- Kátakot er til húsa í lausum kennslustofum bak við Hafnarskóla og er auðveldasta aðkoman frá Bogaslóðinni. Kaffitíminn er tekinn í matsal skólans.
- Foreldrar eru beðnir um að koma umsóknum um dvöl í Kátakoti í Hafnarskóla og mæta með barninu í fyrsta skiptið eða vera búið að koma með barnið í heimsókn áður en það mætir í fyrsta skipti.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við heimili þeirra barna sem eru í Kátakoti.
- Í Kátakoti gilda sömu umgengnis og samskiptareglur og í skólanum. Ef eitthvað kemur upp á í samskiptum í Kátakoti og ekki tekst að leysa úr málinu hafa starfsmenn samband við heimili.
- Verð miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísitölu og uppreiknað 1. ágúst ár hvert. Síðdegishressing 118 kr á dag er ekki innifalinn í gjaldskrá.
- Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50 % og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skólastiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.
- Greiðslu fyrir hvern mánuð ber að inna af hendi fyrirfram, eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á undan, samkvæmt greiðsluseðli í heimabanka.
- Verði vanskil á greiðslum er litið svo á að plássi um vistun hafi verið sagt upp.
- **Hyggist foreldrar breyta dvalartíma er nauðsynlegt að tilkynning berist til umsjónarmanns fyrir 20. dag hvers mánaðar.** Einnig er mikilvægt að foreldrar láta vita ef breyting verður á viðveru barna í Kátakoti frá degi til dags þannig að starfsfólki þar viti ef barnið mætir ekki. [katakot@hornafjordur.is](mailto:katakot@hornafjordur.is)
- Í Kátakoti er lögð áhersla á að öllum líði vel og viðmótið sé afslappað og heimilislegt. Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Innandyra geta börnin valið um fljölbreytt viðfangsefni.
- Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla en fara þá ein á milli húsa.
- Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn Kátakots vita í hvaða tímstundir barnið á að fara og láti vita þegar breytingar eiga sér stað.
- Sími Grunnskólans er 470 8400 og beinn sími í Kátakot er 470 8448. i. [katakot@hornafjordur.is](mailto:katakot@hornafjordur.is)

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar